

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

779. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 4. febrúar 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Ólaf H. Stefánsson, forstöðumann tæknideildar.
2. Viðræður við Karólínu Gunnarsdóttur, íprótta- og tómstundafulltrúa.
3. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
4. Bréf Kristófers Jóhannessonar.
5. Aðalfundarboð Landssambands landeigenda á Íslandi.
6. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 27/12 sl.
7. Bréf Rakelar Runólfsdóttir og Jóhannesar Kára Bragasonar.
8. Fundargerð 803. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25/1 sl.

Afgreiðslur:

1. Ólafur H. Stefánsson er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir einstök verkefni sem unnið hefur verið að sl. vikur og þau helstu sem framundan eru. Rætt um reglur og viðmið sem gilda um framkvæmd snjómoksturs í sveitarfélaginu. Ólafur lagði fram greinargerð frá Kristjáni Jónassyni endurskoðanda hjá KPMG þar sem fjallað er um nokkur atriði varðandi lagningu hitaveitu frá Syðsta-Ósi að Gauksmýri. Frekari umræðu um innihald greinargerðarinnar frestað til næsta fundar.
2. Karólína Gunnarsdóttir, íprótta- og tómstundafulltrúi er mætt til viðræðna við byggðarráð. Rætt um ýmis atriði í tengslum við gjaldskrá ípróttamiðstöðvar.
3. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 22. janúar sl. lagt fram til kynningar. Í bréfinu er greint frá því að Námsmatsstofnun hafi verið falið að hafa umsjón með framkvæmd ytra mats á leik- og grunnskólum.
4. Fram lagt bréf Kristófers Jóhannessonar þar sem spurst er fyrir um greiðslur fyrir vetrarveidda refi. Samþykkt að vísa bréfinu til landbúnaðarráðs.
5. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda á Íslandi lagt fram. Aðalfundurinn verður haldinn í Reykjavík þann 14. febrúar nk. Samþykkt að Elín R. Líndal verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum.
6. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra frá 27. desember sl. Leó Örn Þorleifsson skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
7. Fram lagt bréf Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar þar sem þau óska eftir rökstuðningi vegna afgreiðslu byggðarráðs á erindi þeirra dags. 28. nóvember sl. Samþykkt að vísa erindinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.
8. Fundargerð 803. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar. Samþykkt að taka á dagskrá:
9. Fram lagt bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) dags. 21. janúar sl. Í bréfinu kemur fram að EFS geri athugasemd við að ekki sé tekið tillit til þróunar verðlags í framlagðri þriggja ára áætlun Húnaþings vestra 2014-2016 og er þess óskað að áætlunin verði endurskoðuð í samræmi við framkomna athugasemd. Í tengslum við erindi EFS lagði sveitarstjóri fram fjárhagsáætlun þar sem tekið hefur verið tillit til athugasemda EFS þar sem þjóðhagsspá Hagstofu Íslands um þróun launavísitölu og

vísitölu neysluverðs er höfð til viðmiðunar. Niðurstaða rekstrar samstæðu A- og B hluta sveitarsjóðs sýnir jákvæðari niðurstöðu árin 2014, 2015 og 2016 en fyrri áætlun hafði gert og því telur byggðarráð að öllum viðmiðum EFS hafi verið náð. Byggðarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:19

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Leó Örn Þorleifsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.